

Alþingi
Erindi nr. P 123/1037
komudagur 19.2.1999

Allsherjarnefnd Alþingis.

Reykjavík, 18. febrúar 1999.

Allsherjarnefnd Alþingis.

Öryrkjabandalag Íslands vill leyfa sér að benda á minnispunkta þá frá lögfræðingi bandalagsins sem dreift var á fundi allsherjarnefndar hinn 1. febrúar s.l.

Í framhaldi af nýjum dómsúrskurði Héraðsdóms varðandi skerðingu miskabóta eftir að vissu aldurskeiði er náð, sem ekki var talið standast jafnræðisreglu stjórnarskrár má spyrja hvort hið sama gildi ekki um þá skerðingu er frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi öryrkja þ.e. að bætur almannatrygginga skuli þar dragast frá.
Biðjum við heiðraða nefnd að huga vel að hér.

Virðingarfyllt,
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Guðriður Ólafsdóttir
félagsmálafulltrúi.